



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun. Þingskjal 274 – 256. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það. Samtökin lýsa ánægju sinni með að talsmenn barna á Alþingi taki sig saman um að leggja fram mál sem þetta.

Barnaheill styðja við að starfshópur verði skipaður til að kanna stöðu barna og fjölskylduadstæður þeirra 10 árum eftir efnahagshrunið á Íslandi. Mikilvægt er að skýrsla starfshópsins verði nýtt til að tryggja aftur inn í stjórnkerfið þá fjármuni sem skornir voru niður í hruninu og tryggja að börn njóti þeirrar þjónustu til fulls sem þau áður nutu, nú þegar hagur þjóðarinnar hefur vænkast á ný. Hér þarf ekki síður að meta m.a. sálrænar og félagslegar afleiðingar bankahrunsins fyrir þau börn sem eiga foreldra sem lentu í alvarlegum fjárhagsörðugleikum eftir hrun og misstu atvinnu og heimili sín í kjölfarið. Leggja þarf mat m.a. á sálrænar og félagslegar afleiðingar þess á foreldra og áhrif þess á börn á viðkvæmu uppvaxtarskeiði, s.s. að búa við kvíða og ótta foreldra vegna óvissu um grunnþarfir eins og atvinnu og húsnæði.

Barnaheill taka þannig undir það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt sé að safna gögnum reglulega um stöðu barna á heildrænan hátt og að bæta verður úr því sem allra fyrst og fela t.a.m. Hagstofu Íslands að bæta gagnasöfnun og miðlun upplýsinga um börn á Íslandi.

Barnaheill gáfu út skýrslu um fátækt barna í Evrópu, þ. á m. Íslandi, árið 2014, sjá [hér](#): og aðra skýrslu um tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun, árið 2016, sjá [hér](#). Þær má nýta í skoðun á stöðu barna á þessu 10 ára tímabili.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin taka gjarnan þátt í samtali um gerð skýrslunnar og munu taka því fagnandi, hafi starfshópurinn samráð við Barnaheill.